



Minnisblað

Móttakandi: Karl Björnsson

Dags.: 7. apríl 2022

Sendandi: Anna G. Björnsdóttir

Málsnr.: 2009042SA
Málalykill: 13.25

Efni: Minnisblað um 42. þing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 22.-24. mars 2022


Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins hélt sitt 42. þing í Strasbourg 22.-24. mars sl. Boðið var upp á möguleika til að taka þátt í þinginu rafrænt og tóku Ásgerður Kristín Gylfadóttir þingfulltrúi og sú sem þetta ritar, sem er ritari íslensku sendinefndarinnar á þinginu, þátt á þann hátt.

Málefni Úkraínu settu mikinn svip á þingið. Úkránískir þingfulltrúar voru mættir í Evrópuráðshöllina sveipaðir úkráníska fánanum og sumir höfðu tekið börnin sín með sér á þingið, enda á flóttu með þau. Hins vegar voru rússneskir þingfulltrúar, sem venjulega láta mikið til sín taka á þinginu, horfnir vegna brottreksturs Rússa úr Evrópuráðinu. Á þinginu var sérstakur dagskrárlíður um Úkraínu. Undir þeim lið talaði úkránískur bæjarstjóri, sem er þingfulltrúi, úr sprengjubyrgi þar sem hans borg var undir sprengjuárásum. Borgarstjóri Kænugarðs talaði úr sínu ráðhúsi og lagði áherslu á að Evrópa verði að veita Úkraínu stuðning þar sem stríðið snúist um að verja evrópsk gildi. Byggðamálaráðherra Úkraínu ávarpaði einnig þingið. Hann sýndi myndir af úkránískum borgum og bæjum, fyrir og eftir stríð sem sýndu vel þá eyðileggingu sem hefur átt sér stað, og sagði frá borgar- og bæjarstjórum sem hafa verið handteknir og myrtir¹. Þingið samþykkti samhljóða, eftir



umræðu sem mjög margir tóku þátt í, [ályktun þar sem innrás Rússa er fordæmd](#). Til viðbótar er rétt að vekja athygli á því rafræn gátt, [Cities4Cities](#), hefur verið opnuð á vegum þingsins til að koma á tengslum á milli sveitarfélaga, sem vilja veita úkránískum sveitarfélögum stuðning, og sveitarfélaga í Úkraínu.

¹ Sbr. nánar <https://www.coe.int/en/web/congress/-/council-of-europe-congress-president-condemns-the-crimes-against-ukrainian-citizens-and-elected-local-leaders>



Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins Marija PEJČINOVIĆ-BURIĆ ávarpaði þingið



Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins Marija PEJČINOVIĆ-BURIĆ ávarpaði þingið og fór yfir að þá erfiðu en nauðsynlegu ákvörðun að vísa Rússlandi úr ráðinu. Ákvörðunin er fordæmalaus. Hún er sjálf frá landi þar sem stríð ríkti fyrir nokkrum áratugum, þ.e. Króatíu. Hún lagði áherslu á að íbúar Rússlands séu líka fórnarlömb þar sem þeir geti ekki lengur reitt sig á mannréttindasáttmála Evrópu til að verja grundvallarmannréttindi sín. Hún fékk spurningu um afleiðingar af brotthvarfi Rússa á störf þingsins þar sem fjárveitingar til þess hafa verið skornar niður á undanförunum árum og aðildargjöld Rússlands hafa

vegið þungt í fjármögnun Evrópuráðsins. Ljóst er að ekki verður hjá því komist að skera niður í starfsemi þingsins eða hækka aðildargjöld meðlimalanda.

Þátttaka barna í innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Kynntur var bæklingur, „[Hvernig getur þú gert bæinn þinn betri](#)“, til að styðja við þátttöku barna á aldrinum 6-11 ára í innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og samþykkt var [ályktun um málið](#) með leiðbeiningunum um hvernig sé hægt að nýta bæklinginn. Í ályktuninni hvetur þingið sveitarfélagasambönd til að þýða og dreifa leiðbeiningunum. Bæklingurinn sem var unninn í víðtæku samstarfi við börn gæti nýst íslenskum sveitarfélögum og er fullt tilefni til að dreifa honum og skoða að þýða hann á íslensku. Hér er tengil á [vídeó](#) þar sem börn, m.a. frá Úkraníu, sem unnu að gerð bæklingins, segja frá því hvað þau lærðu.

Ályktun um þátttöku íbúa í stjórnun sveitarfélaga á milli kosninga.

Þingið samþykkti skýrslu og ályktun þar sem sveitarfélög og svæði eru hvött til að vinna að þátttöku íbúa og tryggja að íbúar séu valdir til þátttöku þannig að þeir endurspegli íbúasamsetningu (e. „civic lotteries“). Í skýrslunni eru leiðbeiningar um hvernig eigi að skipuleggja slíka íbúapátttöku og upplýsingar um evrópsk fyrirmyndarverkefni.

Ályktun um stöðu óháðra frambjóðenda og minnihluta í sveitarstjórnnum.

Þingið ræddi skýrslu um stöðu óháðra frambjóðenda og minnihluta í sveitarstjórnnum og samþykkti ályktun um málið. Samkvæmt henni hvetur þingið staðbundin stjórnvöld og stjórnvöld á landsvísu til að standa ekki í vegi fyrir því að einstaklingar geti boðið sig fram til kosninga á jafnræðisgrunni.

Ályktun um stöðu ungs fólks í dreifbýli.



Þingið samþykkti skýrslu og ályktun um betri framtíð fyrir ungt fólk í dreifbýli og úrræði til að berjast gegn því að það yfirgefi heimabyggðir vegna skorts á húsnæði, tækifærum til menntunar og atvinnu sem og lakari framboð á þjónustu en býst í þéttbýli. Í ályktuninni hvetur þingið staðbundin stjórnvöld til stefnumótunar til að mæta þessum áskorunum og til að styðja samtök ungs fólks. Jafnframt eru staðbundin stjórnvöld hvött til að vinna að aukinni þátttöku ungs fólks. Ríkisstjórnir aðildarríkja eru hvattar til að styrkja stöðu ungs fólks í dreifbýli í gegnum stefnumótun í æskulýðs-; atvinnu- og húsnæðismálum og uppbyggingu á innviðum í dreifðum byggðum til að tryggja jafnan aðgang að þjónustu. Bárú Örk Melsted er íslenskur æskulýðsfulltrúi á þinginu. Hún talaði undir þessum lið og miðlaði af eigin reynslu af því að hafa alist upp í dreifbýli á Íslandi og þurft að yfirgefa heimahagana 15 ára til að sækja sér menntun.

Á myndinni hér að ofan má sjá Bárú Örk Melsted æskulýðsfulltrúa á Sveitarstjórnarþinginu.

Falsfréttir, hótanir og ofbeldi gegn kjörnum fulltrúum.

Umræður voru um þetta mál og kynnt var skýrsla sem ein af nefndum þingsins vinnur að á grundvelli [háskólaskýrslu um hvernig sé hægt að berjast gegn falsfréttum og hatursumræður út frá vísindalegum niðurstöðum](#). Fræðimaður, sem hefur haft umsjón með rannsókninni fór yfir að lagaleg úrræði séu ófullnægjandi, sem og tæknileg úrræði til að loka á slíka umræðu á netinu. Besta

úrræðið sé gagnsæi að allar upplýsingar séu uppi á borðum þannig að ekki verði til jarðvegur fyrir sögusagnir og rógburð.

Eftirlitsskýrslur

Eitt af meginhlutverkum Sveitarstjórnarþingsins er að hafa eftirit með framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í aðildarríkjum og Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga. Á þessu þingi var fjallað um framkvæmd sveitarstjórnarsáttmálans í Þýskalandi, Luxembourg, Tyrkland og Bretlandi. Í eftirlitsskýrslu um Bretland er ríkisvaldið gagnrýnt fyrir að hindra sjálfsforræði breskra sveitarfélaga með smáatriðareglusetningu, eftirlitsskrifinnsku og litlu svigrúmi til fjármögnunar verkefna. Framkvæmd sveitarstjórnarsáttmálans í Þýskalandi fékk góða einkunn en þó var sett fram ábending um að tryggja þurfi sveitarstjórnnum meira sjálfsforræði um fjármál sín.

Einnig voru samþykktar skýrslur um kosningaeftirlit í Marókkó, Georgíu, Armeníu og [Danmörku](#). Ekki hefur áður átt sér stað eftirlit með kosningum í Danmörku. Framkvæmd kosninga þar þótti í aðalatriðum hafa tekist vel en þó var fundið að því að því að reglur um fjármögnun kosningaherferða væru ófullnægjandi sem og aðgerðir til að berjast gegn hatursumræðu og falsfréttum, að faglegri þekkingu kjörstjórna væri ábótavant og bæta mætti regluverk um kosningaeftirlit á kjörstöðum.

AGB